

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju mánudaginn 7. október 2024 kl. 20:00.

Að meðtaldri stjórn mættu 47 á fundinn, félagskonur og gestir.

Oddný Vala Kjartansdóttir, formaður félagsins, setti fundinn. Í tilefni af bleikum október þá var bleikt þema á fundinum. Mættu margar fundarkonur í bleikum fatnaði og skörtuðu bleiku slaufunni.

Að svo búnu bauð hún fundarkonum að ganga til kaffiveitinganna sem voru glæsilegar eins og alltaf.

Á milli funda átti ein félagskona merkisafmæli, Erna Jóhannsdóttir frá Fáskrúðsfirði sem varð 90 ára 3. september sl. Erna átti ekki heimangengt á fundinn en formaður mun færa henni hefðbundinn glaðning frá félaginu heim að dyrum.

Róbert Jóhannsson stjórnarmeðlimur í stuðningsfélaginu Krafti mætti á fundinn og skýrði frá starfi félagsins. Róbert miðlaði einnig af eigin reynslu frá þeim tíma sem hann var sjálfur að glíma við krabbamein og þurfti á þjónustu Krafts að halda. Með Róberti var Valdimar sonur hans sem hefur haldið úti hlaðvarps- og útvarpsþáttum um það hvernig það er að eiga foreldri með krabbamein.

Þess má geta að Félag austfirskra kvenna í Reykjavík styrkti Kraft um 300 þúsund krónur fyrr á árinu, skv. samþykkt aðalfundar þar að lútandi.

Hjördís Björg Kristinsdóttir kynnti bók sína *Grætur Guð?* sem hefur að geyma hækur um lífið og tilveruna en hækan er japanskt ljóðaform án ríms og stuðla. Flutti Hjördís Björg nokkrar hækur úr bókinni fyrir fundargesti og gafst áhugasömum tækifæri til að kaupa sér eintak.

Bæði Róbert og Hjördís Björg eiga rætur til Djúpavogs.

Formaður flutti, á milli dagskráratriða, nokkrar stuttar gamansamar frásagnir úr eigin fjölskyldu, sem hlutu góðar undirtektir.

Formaður þakkaði góðan fund, minnti á næsta fund sem verður 4. nóvember nk. og sleit síðan formlegri dagskrá. Fundarkonur héldu áfram að spjalla og njóta samverunnar í góða stund.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari